

Madrid, 23. október 2018

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar  
Ágúst Bjarni Garðarsson, formaður bæjarráðs  
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, formaður menningarmálanefndar

Ágæti bæjarstjóri og bæjarfulltrúar Hafnarfjarðar.

Erindi mitt með þessu bréfi er að fara þess vinsamlegast á leit við háttvirt bæjarráð og Menningarmálanefnd Hafnarfjarðarbæjar að Sönghátíð í Hafnarborg, sem haldin hefur verið við góðan orðstí sumarið 2017 og 2018, fái að njóta samstarfssamnings til 3ja ára vegna árána 2019-2021.

Samstarf Sönghátíðar og Hafnarborgar s.l. 2 ár hefur verið afar farsælt. Hafnarborg hefur veitt hátíðinni húsnæði án endurgjalds og greitt laun kennara á námskeiðum fyrir börn, en hefur að öðru leiti ekki lagt fjármagn til hátíðarinnar. Hátíðin eykur aðsókn að Hafnarborg yfir sumartímenn, þegar aðsóknin er annars sem minnst. T.d. gátu þeir 600 tónleikagestir sem komu á tónleika og námskeið hátíðarinnar 2018 einnig nýtt tækifærið til að skoða myndlistarsýningu safnsins. Þannig er samstarfið báðum til hagnaðar. Til að styðja samfellu og framþróun hátíðar, sem þegar hefur sannað gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir menningarlífið í Hafnarfirði og jákvæða ímynd bæjarins, væri æskilegt að hún hlyti þriggja ára samstarfssamning sem fæli í sér markmið um starfsemi, þróun og rekstur.

Markmið Sönghátíðar í Hafnarborg er að koma söngtónlist á framfæri og auka almenna þekkingu á list raddarinnar. Hátíðin 7. – 15. júlí 2018 bauð upp á 7 tónleika þar sem 60 listamenn komu fram og 5 námskeið, þ.e. söngnámskeið fyrir áhugafólk, tónlistarsmiðju fyrir 6-9 ára, söngsmiðju fyrir 10-12 ára börn, námskeið í íslenskum þjóðlagasöng og master class í söng fyrir unga söngvara sem lauk með opinberum tónleikum sem m.a. forseti Íslands sótti. Að auki komu listamenn hátíðarinnar fram á ókeypis tónleikum fyrir fólk með heilabilun á dagheimilinu Drafnarhús í Hafnarfirði.

Hátíðin hlaut mikla athygli í fjölmiðlum, þar á meðal birtist hún í kvöldfréttum Stöðvar 2, á Morgunvakt RÚV, í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu, Fjarðarpóstinum, víða á Facebook og á öðrum miðlum. Gagnrýnendur fjölluðu afar vinsamlega um hátíðina. Allir tónleikarnir voru teknir upp með hljóð og mynd og eru nú þegar mörg af lögnum komin inn á YouTube stöð hátíðarinnar, sem viðheldur athygli á henni og breiðir út það sem á henni gerist. Í vetur mun Ríkisútvarpið útvarpa úrvali frá tónleikum sumarsins. Mikil ánægja ríkti meðal gesta og listamanna og hafa margir lýst yfir áhuga á næstu hátíð.

Fyrir hátíðina 2019, sem fer fram í byrjun júlí, eru á döfinni enn meiri fjölbreytni og nýjar áherslur. Stefnit er að því að hin virta kammersveit Sonor Ensemble, sem skipuð er hljóðfæraleikurum úr Þjóðarsinfóníuhljómsveit Spánar (Orquesta Nacional de España) undir stjórn Luis Aguirre, komi frá Madrid til að halda tónleika með undirritaðri, með ferðastyrk frá spænska ríkinu. Á öðrum tónleikum má heyra ljóðasöng, óperusöng og kórsöng með bæði reyndustu söngvurum Íslands og nýliðum, frá barokktónlist til nýrrar tónlistar. Einnig verður áfram boðið upp á ýmis námskeið fyrir byrjendur, áhugafólk og langt komna og YouTube stöð hátíðarinnar verður haldið út með upptökum af tónleikum og viðtölum við söngvara.

Hátíðin 2018 var þess aðnjótandi að njóta styrks úr Tónlistarsjóði menntamálaráðuneytisins, Fullveldissjóði 1918 - 2018, Menningarsjóði Hafnarfjarðar og Sjóði Friðriks Bjarnasonar og Guðlaugar Pétursdóttur; samtals rúmar 2 m.kr. Miðasölu- og námskeiðatekjur námu tæpum 1,2 m.kr. Við erum afar þakklát fyrir veittan stuðning, en ekki er á vísan að róa með framhaldið. Hátíðin er ekki rekin í hagnaðarskyni og þess er vandlega gætt að tekjur standi á móti útgjöldum. Því meira sem hátíðin hefur umleikis getur hún boðið upp á meira framboð listviðburða í háum gæðaflokki og fræðslu. Þannig getur hún einnig fjárfest frekar í kynningarmálum, en þar þarf meira til svo að hún verði enn sýnilegri. Þá þarf að gera langtímaáætlanir svo að listamenn og listhópar hafi góðan fyrirvara með aðkomu sína að hátíðinni sem og þeir sem annast ferðamál, en stefnt er að því að ná enn betur til ferðamanna.

Að því sögðu fer Sönghátíð í Hafnarborg þess vinsamlegast a leit við Hafnarfjarðarbæ að henni verður veittur samstarfssamningur á næsta fjárhagsári sem nemi a.m.k. 1 m.kr. næstu 3 árin.

Virðingarfyllst, f.h. Sönghátíðar í Hafnarborg



Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, listrænn stjórnandi

Netfang: [info@songhatid.com](mailto:info@songhatid.com)

Vefsíða: [www.songhatid.is](http://www.songhatid.is)

S: 692 3664